

Morgunblaðið

Útgef.: H.f. Árvakur, Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson og Valtýr Stefánsson — ábyrgðarmaður.
Ritstjórn og afgreiðsla:
Austurstræti 8. — Sími 1600.
Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
Auglýsingaskrifstofa:
Austurstræti 17. — Sími 3700.
Heimasíða:
Jón Kjartansson, nr. 3742
Valtýr Stefánsson, nr. 4220.
Árni Óla, nr. 3045.
E. Hafberg, nr. 3770.
Áskriftagjald: kr. 3.00 á mánuði.
Í lausasölu: 10 auro eintakið.
20 auro með Lesbók.

Hræsnarar.

Líkur benda til að þau skip sem karfaveiðar stunda fyrir Sólbakkaverksmiðjuna geti haft sæmilega afkomu ef gæftir verða góðar, þó ekki standi vonir til svipaðra afnota af Siglufjarðarverksmiðjunni. nema hægt sje að greiða mikið hærri verð fyrir karfann.

Því verra er til þess að vita, að Sólbakka skipin skyldu hefja veiðar nær mánuði síðar en til stóð, og er það öllum aðilum skaði mikill.

Tap verkalýðsins af þessari töf, var sem hér segir: 110—120 karlmenn. Meðal dagkaup 10 kr. Alls á dag 11—1200 kr.; 80 stúlkur. Dagkaup 6.80. Alls á dag um 550 kr.; 88 sjómenn. Dagkaup um 20 kr. Alls á dag 1760 kr., og hefir því daglegt tap verkalýðsins orðið sem næst kr. 3500, eða alls um 100 þús. kr., og má segja að muni um minna í slíku árferði, sem nú.

Tapað andvirði útflutningsvörunnar er svo auðvitað mikið hærri, eða um 250 þús. kr. samkv. áætlun verksmiðjustj.

Það eru Alþýðubroddarnir, sem ábyrgð bera á þessu stórkostlega tjóni, og er öllum í minni, að deilan sem töfinni olli, stóð milli verklyðsfjelagsins Skjöldur á Flateyri og Alþýðusambandsins. — Krafðist Skjöldur þess að verkamenn í því fjelagi sætu að miklu leyti fyrir vinnunni við verksmiðjuna, en Alþýðusambandið heimtaði að um 1/3 hluti verkamanna væru aðkomumenn. Er sú deila með öllu óskiljanleg, því 1934 kröfðust þessir sömu „broddar“ þess, að fjelagar í Skildi sætu fyrir allri vinnu, og nú þessa dagana, krefjast þeir, að hreppsþúar sitji fyrir allri vinnu á Hesteyri. Er helst að sjá, sem einhver broddanna hafi í ógáti sett fram þessa kröfu, og úr því var auðvitað ekki að tala um að beygja sig. „Mitt er að skipa, þitt að hlýða“, það er mál broddanna við óbreytta verkamenn, og hvað gerir til þótt það kosti dálítið að kenna „körlunum“ að hlýða, — svo sem hundrað þúsund krónur, úr því enginn spónn er tekinn úr aski „broddanna“ sjálfra.

Og svo láta mennirnir sem þessu valda, einn allra auðvirðilegasta leigusnata sinn, daglega gera óp að útvegsmönnum fyrir að gera ekki út, þegar heita má, að ekki fáiast bein úr sjó.

Það kemur að skuldadögum þessara hræsnara, og líklega fyr en þá varir.

SMÁSKÆRUSTYRJÖLD ARABA GEGN BRETUM.

Frá óeirðunum í Jaffa.

Myndin er tekin af æsingafundi í Arabahverfinu í borginni Jaffa.

Fascistar vinna gífurlega á í Belgíu.

Kapólski flokkurinn missir forustuna.

Í fyrsta skifti í heila öld.

KAUPMANNAHÖFN Í GÆR.
EINKASKEYTI TIL MORGUNBLAÐSINS.

KOSNINGAR fóru fram í Belgíu á sunnudaginn. Við úrslit kosninganna vekur það mesta athygli að kapólski flokkurinn hefir í fyrsta sinni í heila öld, mist forustuna í þinginu. Forustuna í þinginu hafa nú sósíalistar. Fylgi þeirra fer þó minkandi. Þeir töpuðu þrem þingsætum.

Þrátt fyrir það, að sósíalistar sje stærsti flokkur þingsins, er þó búist við, að borgaraleg sambræðslustjórn taki við völdum í Belgíu. Núverandi stjórn er skipuð mönnum úr þrem stærstu flokkunum, sósíalista-, kapólska- og frjálslynda-flokknum.

Kosningaúrslitin.

Eftirfarandi tafla sýnir skiftingu þingsæta milli flokkanna fyrir og eftir kosningarnar:

Úrslit kosninganna urðu þessi:			
Sósíalistar	70	áður	73
Kapólski fl.	63	áður	79
Frjálslyndi fl.	23	áður	24
Rexistar	21	áður	0
Flæmski			
þjóðernisfl.	16	áður	9
Kommúnistar	9	áður	3

Rexistar-fasistar.

Fasistar í Belgíu kalla sig Rexistar. Er þetta nýr flokkur, sem ekki hefir tekið þátt í kosningum fyr. Hið mikla fylgi hans vekur í senn undrun og kvíða. Ennfremur vekur athygli hin mikla fylgisaukning flæmskra þjóðernissinna.

Hið nýja þing kemur saman í dag. Páll.

90 nazistar teknir fastir í Austurríki.

90 menn hafa verið handteknir í Austurríki fyrir áráðina á búgarð Stahrembergs fursta í Efra-Austurríki. Við yfirheyrslur hefir það orðið ljóst, að Nazistar stóðu að þessari árás. (FÚ.).

Stauning: Stríð gegn stríðinu!

Eina stríðið sem er hugsanlegt á Norðurlöndum.

Norræna þingmannafundinum í Khöfn lauk á laugardagskvöld. Í ræðu, sem Stauning hjelt í lokasamsæti, sem fundarmönnum var haldið, sagði hann m. a. Í Skandinavíu er aðeins eitt stríð hugsanlegt: Stríðið gegn stríðinu!

Stauning þakkaði fundarmönnum fyrir þátttöku í móti. Mikilvægi þessa móts yrði ekki of metið. Það hefði góð áhrif, að leitt væri í ljós, að eindrægni og samhugur Norðurlanda væri órjúfanlegur, er ástandið í heiminum væri jafn alvarlegt og nú.

Stauning lauk ræðu sinni með því, að biðja um að hrópað yrði ferfalt húrri fyrir bræðralagi Norðurlanda.

Á sunnudaginn fóru fundarmenn í skemtiferð um Fjón. Förlinni stjórnaði formaður Norræna fjelagsins í Khöfn.

Farið var til Litla beltisbrúarinnar og til „Hingsgavl“ og Niels Bukh sóttur heim í Ollerup.

(Sendiherrafrjett).

Ætluðu að myrða stjórnarfulltrúa Breta?

Alvarlegt ástand.

KBH. OG LONDON Í GÆR.

Astandið í Palestínu verður stöðugt ískyggilegra. Er líkast því, sem Arabar hafi byrjað smáskærustyrjöld gegn yfirráðum Breta og aðflutningi Gyðinga, sem vilja setjast að í „föðurlandi sínu“.

Sú fregn hefir flogið fyrir, að Arabar hafi jafnvel haft á þrjónunum áform um að myrða stjórnarfulltrúa Breta í Palestínu, Sir Arthur Wauchope.

Framtíðin í veði.

Dirfska og ágengni þeirra færast stöðugt í aukana. Er talið að óttinn við það, að Gyðingar leggi undir sig Palestínu, ef þeir (þ. e. Arabar) sigri ekki núna, hefir fyllt þá ofdirfsku. — Þeir telja að framtíð þeirra sje í veði.

Enda svífast þeir einskis. Barátta þeirra er háð um alla Palestínu. Er sagt, að jafnvel arabískar konur taki þátt í grjótkasti og öðrum spjöllum.

Gyðingar lemstraðir og meiddir.

Skotið er á hús Gyðinga. Brýr brotnar. Járabrautar-teinar rifnir upp. Akkrar eyðilagðir. Og á götum eru reistar viggirðingar.

Bæði í Jerúsalem og Jaffa hafa Gyðingar fundist á afviknum stöðum lemstraðir og meiddir.

Í breska kirkjugarðinum fanst í gær Gyðingur, særður, nær dauða en lífi.

Varúðarráðstafanir stjórnarinnar virðast engin áfrif hafa haft til að draga úr ógnunum.

Arabar svífast þess jafnvel ekki að skjóta á lög-regluþjóna úr launsátri.

Varúðarráðstafanir Breta.

Breska stjórnin hefir undanfarið sent herlið frá Egyptalandi til Palestínu. Bann hefir verið lagt við því, að bera vopn að viðlagðri þungri refsingu. Og öll umferð á þjóðvegum er undir eftirliti.

(Samkv. einkask. og FÚ.).